Saman eða sundruð?

Menntun og félagsleg þátttaka flóttabarna og -ungmenna á Íslandi.

Skýrsla um meginniðurstöður rannsóknarverkefnisins

Inngangur

Markmið rannsóknarverkefnisins *Saman eða sundruð? Menntun og félagsleg þátttaka flóttabarna og -ungmenna á Íslandi* (ESRCI) eru að rannsaka með gagnrýnum hætti þátttöku sýrlenskra og írakskra flóttabarna og -ungmenna á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, skipulag náms þeirra og hvernig hugað er að vellíðan þeirra í félagslegu- og námslegu umhverfi. Þátttakendur í ESRCI verkefninu eru börn og ungmenni af ólíku kyni og foreldrar þeirra sem hafa fjölbreytta menntun og félags- og efnahagslega stöðu, í alls 21 fjölskyldum í ellefu sveitarfélögum á Íslandi, svo og kennarar, skólastjórar, og námsráðgjafar þar sem við á, í leik-, grunn- og framhaldsskólum, starfsfólk sveitarfélaga og félagasamtök í nærsamfélögum þeirra.

Með því að athuga aðgengi og þátttöku flóttabarna og -ungmenna í fjölbreyttu námsumhverfi, þar með talið tómstundastarfi, svo og félagsleg tengsl þeirra, veitir ESRCI verkefnið mikilvægar upplýsingar fyrir íslenskt og alþjóðlegt umhverfi um aðgengi og þátttöku og hvaða hindrunum börnin og ungmennin mæta í námsumhverfi sínu.

Í þessari skýrslu er hugtakið **þátttaka** notað í víðum skilningi. Það vísar ekki aðeins til þess hvort börn og ungmenni taki þátt í námi, félagslífi, jafningjatengslum og tómstundum, heldur einnig til þeirra skilyrða sem gera þeim kleift að taka þátt á eigin forsendum og til jafns við önnur börn og ungmenni. Þátttaka felur þannig í sér að hafa aðgang að og tækifæri til þátttöku, upplifa að tilheyra, vera viðurkennd og hafa rödd og áhrif í skólastarfi. Þátttaka er því gagnvirkt ferli sem mótast bæði af athöfnum og tengslum barna og ungmenna og af því hvernig skólar, stofnanir og samfélagið í heild skapa eða takmarka möguleika þeirra til þátttöku.

Fjögur meginþemu í niðurstöðunum

Í eftirfarandi köflum eru settar fram meginniðurstöður verkefnisins í fjórum þemum.

1. Tungumál sem forsenda náms, þátttöku og sjálfsmyndar

Tungumál eru rauður þráður í niðurstöðunum og tengja saman nám, félagslega þátttöku, sjálfsmynd og framtíðartækifæri ungmennanna. Íslenska hafði mikilvægu hlutverki að gegna við að skilja námsefni, tjá þekkingu og mynda tengsl við jafningja. Vinátta og þátttaka í tómstundum sköpuðu jafnframt tækifæri til íslenskunáms. Arabíska tengdist fjölskyldusamskiptum, menningu, trú og sjálfsmynd, en enska nýttist með ólíkum hætti í námi, miðlanotkun og samskiptum. Tungumálin voru einnig nýtt saman til að styðja við skilning, meðal annars þegar foreldri hvatti barn sitt til að þýða milli arabísku, ensku og íslensku. Fjöltyngd þekking ungmennanna og fjölskyldna þeirra fékk þó ekki alltaf skýrt vægi í skólastarfinu. Frásagnir af stuðningi kennara, túlka, fjölskyldna og sjálfboðaliða varpa ljósi á mikilvægi tungumálsins þegar kemur að samstarf og aðgengi að aðstoð.

Við skil milli skólastiga höfðu breyttar tungumálakröfur og aðgengi að viðeigandi stuðningi þýðingu fyrir námsframvindu og möguleika ungmennanna til að fylgja framtíðaráformum sínum. Reynsla þeirra af útilokun og mismunun sýnir þó að tungumálakunnátta ein og sér tryggði ekki þátttöku eða viðurkenningu. Niðurstöðurnar draga því fram samspil tungumálakunnáttu, stuðnings, félagslegra tengsla og þess rýmis sem ungmennin fengu til að nýta þekkingu sína og hafa áhrif á eigið nám og framtíð.

Einnig draga niðurstöðurnar fram að íslenska skipti máli til að skilja námsefni og eiga samskipti í skólanum, en vinatengsl, íþróttir, tómstundir og vinna sköpuðu líka tækifæri til að læra hana og nota; nokkur ungmenni sögðust hafa lært íslenskuna mest utan skólastofunnar. Þátttakan var þó misjöfn, sérstaklega meðal stúlkna. Arabískan tengdist fjölskyldu, trú, menningu og sjálfsmynd en enskan hafði annað hlutverk, í námi, á netinu og í samskiptum við jafnaldra.

Ungmennin og fjölskyldur þeirra notuðu fleiri en eitt tungumál til að skilja íslensku og styðja við heimavinnu. Fjölskyldurnar héldu arabískunni við með daglegum samskiptum, kennslu heima, netnámi og helgarkennslu á vegum moskunnar og móðurmálsfélaga, þar sem íslenska var oft samskiptamálið. Ungmennin þýddu gjarnan fyrir foreldra sína og notuðu öll tungumálin sín til að skilja námsefnið. Þessi þekking fékk þó sjaldan skýrt hlutverk í skólanum; ungmennin sögðust ekki hafa verið hvött til að nýta arabískuna þar þó að notkun hennar væri liðin.

Tækifæri til náms réðust einnig af því hvernig tungumálastuðningurinn var skipulagður. Kennarar lýstu viðbótarkennslu í íslensku og aðlöguðu námsmati, en kennslan passaði ekki alltaf við það sem ungmennin kunnu eða þurftu. Dæmi voru um að námsefni sem ungmenni réðu við, svo sem stærðfræði, yrði þeim erfitt af því að fyrirmælin voru á íslensku.

Möguleikar ungmennanna til þátttöku og áframhaldandi náms mótuðust því bæði af íslenskukunnáttu þeirra og af því hvort þau fengu stuðning og tækifæri til að nýta og þróa fjöltyngda þekkingu sína.

2. Að tilheyra, viðurkenning og félagsleg þátttaka

Tilfinningin að tilheyra skóla, bekk og jafningjahópi eða samfélagi er ein sterkasta forsenda vellíðanar og farsældar barna almennt. Jafningjatengsl, myndun náinna vinatengsla og þátttaka í skólaviðburðum og tómstundum eru lykilþættir í félagslegri og námslegri inngildingu. Rannsóknin beindi sjónum sínum meðal annars að reynslu barna og ungmenna af félagslegum samskiptum, af því að tilheyra og félagslegri líðan í skólaumhverfinu.

Upplifun og reynsla barnanna og ungmennanna er um margt flókin og mótast af samspili ýmissa þátta í umhverfi þeirra sem þau vísa til í viðtölunum. Sú upplifun að tilheyra ræðst af því hvort og á hvern hátt þau eru viðurkennd í skóla, af jafningjum og í samskiptum á milli skóla og heimilis. Tungumálin skipta miklu máli í þessu samhengi. Ungmenni nota íslensku í skóla og jafningjasamskiptum og sjá mikilvægi góðrar íslenskukunnáttu í þeim samskiptum en arabískan er mikilvæg til að tjá tilfinningar, viðhalda og styrkja fjölskyldutengsl og menningu og þar liggur sjálfsmynd þeirra.

Ungmennin lýsa hindrunum við að komast inn í og tilheyra í hópi jafningja þegar litið er á þau sem fulltrúa upprunamenningar sinnar eða þegar tekist er á við útilokun sem einstaklingsbundið vandamál þeirra frekar en félagslegan vanda í jafningjahópum, bekk og skólasamfélagi. Ungmennin sem eldri eru hafa væntingar um háskólanám, atvinnu og stofnun fjölskyldu og nýta sér þau tækifæri sem þeim bjóðast í nær-og fjærumhverfi. Við áskoranir og erfitt aðgengi að tækifærum til frekari náms hefur islömsk trú mikilvægt hlutverk fyrir ungmennin á leið þeirra inn á fullorðinsár og er um leið mikilvæg uppspretta seiglu þegar unga fólkið tekst á við staðalímyndir og misskilning annarra um hlutverk og gildi Islam í þeirra daglega lífi. Hinsvegar nær starfsfólk skóla ekki alltaf að koma auga á eða sýna skilning fjölbreyttum væntingum, lífssýn og framtíðaráformum ungmennanna, þar á meðal

þverþjóðlegri sýn þeirra á menntun, atvinnu og fjölskyldulíf. Þar gæti spilað inn í takmörkuð þekking innan skóla á því hvernig trú, fjölskyldutengsl, kynslóðagildi, reynsla af fólksflutningum og tengsl við önnur lönd móta sýn ungmennanna á framtíðina og leiðir inn í fullorðinsárin. Mikilvægar auðlindir, reynsla og styrkleikar ungmennanna eru því hvorki nægilega sýnileg né nýtt í námi, námsráðgjöf og stuðningi við framtíðaráform þeirra.

3. Traust, samstarf og stuðningur

Viðurkenning og virðing skipta miklu máli fyrir upplifun barna og ungmenna af þátttöku og réttlæti og eru liðir í því að skapa traust þeirra og foreldra þeirra til skólans og samfélagsins. Reynsla foreldranna í rannsókninni af samskiptum við skóla er almennt jákvæð. Þó skortir í sumum tilvikum gagnkvæman skilning milli skóla og fjölskyldna. Þegar samskipti milli skóla, fjölskyldna og nemenda eru byggð á gagnkvæmum skilningi og faglegum grunni eru meiri líkur á að traust skapist milli þessara aðila. Það tekur oft tíma að skapa og viðhalda trausti. Því þarf að byrja snemma að leggja grundvöllinn að gagnkvæmri virðingu og að opin samskipti geti átt sér stað. Til þess þarf öflugt stuðningskerfi sem snýr bæði að náms- og félagslegum þörfum nemenda, því bæði nemendurnir og fjölskyldur þeirra, eru oft undir miklu álagi sem tengist áföllum og erfiðum upplifunum.

Niðurstöðurnar benda til þess að traust milli flóttafólks, heimafólks og stofnana í byggðarlögum utan höfuðborgarsvæðisins þróist í samspili við fyrri reynslu einstaklinga, félagsleg tengsl, hreyfanleika og einkenni byggðalaganna. Smærri samfélög geta veitt mikilvægan stuðning og öryggi á meðan flóttafólk aðlagast nýjum aðstæðum. Á sama tíma geta takmörkuð atvinnutækifæri, skert aðgengi að þjónustu og fábreyttir innviðir dregið úr líkum á að fólk kjósi að setjast þar að til lengri tíma. Niðurstöðurnar undirstrika jafnframt að traust byggist á gagnsæjum samskiptum, vönduðum undirbúningi, virðingu fyrir persónuvernd og skýrri dreifiingu ábyrgðar milli þeirra stofnana sem koma að móttöku og stuðningi við flóttafólk.

4. Framtíðaráform, jafnræði og raunveruleg tækifæri

Ungmennin hafa sterkar hugmyndir og væntingar um menntun og framtíð sína en mæta oft kerfislægum hindrunum, meðal annars við skil milli skólastiga og aðgengi að framhalds- og háskólamenntun. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að ungmennin höfðu almennt skýr framtíðarmarkmið og litu á menntun sem leið til þátttöku, sjálfstæðis og betra lífs. Flest þeirra

töluðu um mikilvægi þess að ljúka góðri menntun, afla sér öruggrar vinnu og byggja upp eigið líf á Íslandi. Sterkt þema í frásögnum þeirra var einnig löngunin til að geta stutt foreldra sína og fjölskyldur bæði fjárhagslega og félagslega, sem endurspeglar ábyrðartilfinningu þeirra og mikilvægi fjölskyldutengsla. Foreldranir deildu að mestu sömu framtíðarsýn og ungmennin. Þeir lögðu áherslu á að börnin þeirra lykju námi, fengju góða vinnu og stofnuðu fjölskyldu. Sumar fjölskyldur höfðu jafnvel flutt til Reykjavíkur eða nágrannasveitarfélaga til að auka menntunartækifæri barna sinna og einhverjir foreldrar vonuðust til að geta sent þau erlendis í háskólanám, t.d. í læknisfræði. Þetta endurspeglar sterka trú fjölskyldnanna á menntun sem leið til betra lífs og aukinna tækifæra.

Niðurstöðurnar benda til þess að ungmennin þurfi skýra leiðsögn, upplýsingar og stuðning sem tekur mið af þeirra eigin forsendum og reynslu. Niðurstöðurnar undirstrika einnig að raddir ungmennanna og sjónarmið þurfa að hafa raunverulegt vægi við ákvarðanatöku um málefni sem varða líf þeirra og framtíð. Hlusta þarf á þau og fjölskyldur þeirra af virðingu og stuðla að því að draga úr valdaójafnvægi og fordómum sem geta haft áhrif á þátttöku þeirra og tækifæri.

Þátttaka ungmennanna ætti því að vera virk og merkingarbær, til dæmis í gegnum nemendaráð, ungmennaráð eða annan vettvang þar sem þau geta haft áhrif á ákvarðanir og komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Ekki nægir að flóttafólk, bæði ungir og eldri einstaklingar þekki réttindi sín; þau þurfa einnig að upplifa að réttindi þeirra séu virt í daglegum samskiptum og að þau hafi raunverulegt rými til að nýta þau. Styrkja þarf sjálfstæði þeirra og stuðla að jákvæðum samskiptum við íslenskt samfélag þannig að þau geti tekið virkan þátt í námi, samfélagi og eigin framtíðarsköpun.

Leiðbeinandi viðmið fyrir vettvang

Hér að neðan eru fimm leiðbeinandi viðmið fyrir vettvang sem byggja á niðurstöðum verkefnisins.

Að byggja á styrkleikum, tungumálum og auðlindum barna og ungmenna

Börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru oft skilgreind út frá því sem þau skortir, svo sem íslenskukunnáttu og félagsleg tengsl, fremur en þeim auðlindum (þ.e. menntun, fyrri þekkingu og reynslu) sem þau koma með. Fjöltyngi,

menningarlegar hefðir og gildi, trúarleg gildi og reynsla, seigla og fyrri þekking eru mikilvægir styrkleikar sem skólakerfið getur nýtt betur.

- Skólar þurfa að byggja á styrkleikum nemenda fremur en því sem skólinn telur að þá skorti.
- Fjöltyngi, trú og menningarlegar hefðir og gildi auk reynslu séu skilgreind sem auðlindir nemenda.
- Nemendur fái tækifæri til að nýta fyrri reynslu sína og þekkingu í námi.
- Styðja þarf markvisst við íslensku sem annað tungumál og viðurkenna mikilvægi og hlutverk móðurmála.
- Skólar og kennarar þurfa að beita fjöltyngdum kennsluháttum og fjölbreyttu námsmati.
- Tryggja þarf að samskipti við foreldra séu á tungumáli sem þeir skilja og að foreldrar hafi aðgengi að túlkaþjónustu.

Að skapa fjölmenningarlegt skólastarf

Fjölbreytt tungumál og menning nemenda og fjölskyldna þeirra þarf að endurspeglast í öllum þáttum skólastarfs.

- Skólar vinni markvisst og heildstætt að inngildandi og fjölmenningarlegu skólaumhverfi. Slík vinna þarf að ná til kennslu og námsefnis, félagslegs umhverfis nemenda, starfsumhverfis starfsfólks, samskipta við heimili og innra verklags skóla.
- Skólar móti heildstæða fjölmenningarstefnu, sem þarf að endurspeglast í öllu skólastarfi, svo sem úrræðum og þjónustu, aðferðum í kennslu og starfi með börnum og ungmennum, verklagi og reglum sem styðja inngildingu og jafnræði.
- Fræðsla og þjálfun þarf að vera í boði fyrir starfsfólk til að styrkja það í hæfni til að starfa með fjölbreytilegum hópum barna og ungmenna.
- Fjölbreytileiki nemendahópsins endurspeglist í námsefni, kennslu og skólastarfi og menningu, trú, hefðum og reynslu nemenda sé mætt af virðingu og áhuga.

Að skapa skilyrði til þátttöku, jafningjatengsla og vinna gegn mismunun og útilokun

Sú upplifun að tilheyra verður til í samskiptum. Tilfinningin fyrir að tilheyra skóla, bekk og jafningjahópi mótast ekki aðeins af jafningjatengslum og viðurkenningu heldur einnig af viðbrögðum starfsfólks skóla við útilokun, fordómum og mismunun.

- Huga þarf að skóla- og bekkjarbrag og skapa aðstæður sem styðja við félagslega þátttöku, jafningjatengsl og vináttu.
- Vinna þarf að gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir fjölbreytileika meðal allra nemenda fremur en að ábyrgðin hvíli fyrst og fremst á börnum og ungmennum sem nýlega hafa flust til landsins að aðlagast því menningarumhverfi sem er til staðar.

- Tryggja þarf að reynsla ungmenna af mismunun, áreiti og útilokun sé tekin alvarlega og að skýrir og aðgengilegir farvegir séu innan skólanna til að bregðast við slíkum málum.
- Viðbrögð mega ekki einskorðast við líðan eða viðbrögð þess nemanda sem verður fyrir útilokun, heldur þurfa þau einnig að beinast að samskiptum, jafningjahópnum og þeim aðstæðum innan skólans sem skapa eða viðhalda útilokun.
- Þátttaka í tómstundum og félagsstarfi verði hluti af heildstæðri inngildingar- og móttökustefnu fyrir börn og ungmenni af flóttamanna- og innflytjendabakgrunni.
- Mikilvægt er að börn, ungmenni og foreldrar hafi raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á skólastarf og stefnumótun. Koma mætti á formlegu og reglulegu notendasamráði innan skóla þar sem reynsla og sjónarmið nemenda og foreldra eru nýtt við þróun skólastarfs, móttöku, stuðnings og félagslegs umhverfis.
- Skapa þarf vettvang fyrir virka þátttöku þeirra, svo sem í nemendaráðum, eða öðrum vettvangi þar sem þau geta haft áhrif á ákvarðanir og komið sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Draga þarf úr valdaójafnvægi og fordómum í menningu skólans sem geta hindrað þátttöku og áhrif. Tryggja þarf að sjónarmið og reynsla ungmennanna og foreldra þeirra séu túlkuð og miðluð á réttan og sanngjarnan hátt. Fjölmenningarstefna, fræðsla og innleiðing skipta hér máli.

Að byggja upp traust og samstarf milli skóla, barna og fjölskyldna

Gagnkvæmur skilningur og fagleg samskipti milli skóla, nemenda og heimili eru mikilvægur grunnur að trausti. Traust byggist upp yfir tíma og krefst sýnilegs og aðgengilegs stuðnings.

- Efla þarf markvisst samstarf heimila og skóla og byggja upp traust í gegnum regluleg og gagnkvæm samskipti.
- Gera þarf stuðningskerfi sýnileg og aðgengileg nemendum og foreldrum.
- Formfesta þarf aðgengi kennara og annars starfsfólks að sérfræðilegum stuðningi vegna málefna barna og ungmenna af flóttamanna- og innflytjendabakgrunni.
- Skólafélagsráðgjafar, tengiliðir farsældar eða aðrir sérfræðingar geta gegnt mikilvægu hlutverki, en hlutverk þeirra og aðgengi þarf að vera skýrt og formfast.

Að tryggja jafnræði í námsvali og framtíðartækifærum

Jafnræði felst í raunverulegum tækifærum. Ungmennin í rannsókninni hafa sterkar væntingar um menntun og framtíð en mæta stundum kerfislægum hindrunum. Leiðsögn og stuðningur þarf að taka mið af lífssýn ungmennanna, fjölskylduhlutverkum og gildum, tungumálakunnáttu, framtíðaráformum og væntingum.

- Virðing fyrir fjölbreyttri lífssýn, gildum og framtíðaráformum ungs fólks er grundvallaratriði þegar það undirbýr skref sín inn í fullorðinsárin. Forðast þarf að leggja

eina fyrirframgefna sýn á sjálfstæði, fjölskylduhlutverk, menntun og leiðina til fullorðinsára til grundvallar stuðningi.
- Leiðsögn um íslenska skólakerfið, námsleiðir og næstu skref verði fastur þáttur í móttökuáætlunum og eftirfylgd með ungmennum.
- Tryggja þarf snemmtæka og markvissa náms- og starfsráðgjöf og styðja betur við yfirfærslu milli skólastiga.
- Huga þarf sérstaklega að aðgengi ungmenna að námi á landsbyggðinni og auka aðgang að fjárhagslegum og félagslegum stuðningi vegna framhaldsnáms og háskólanáms.
- Tryggja þarf aðgengilegar upplýsingar og ráðgjöf um námsleiðir innan og utan Íslands, fjárhagslegan stuðning og stuðningsúrræði innan framhalds- og háskóla.
- Styðja þarf við aukið sjálfstæði ungmennanna og getu þeirra til að standa vörð um eigin réttindi og hagsmuni og efla tækifæri þeirra til að hafa áhrif á eigið nám, samfélagsþátttöku og framtíðarhorfur.

Samantekt og lokaorð

Niðurstöður verkefnisins benda til þess að virk þátttaka barna og ungmenna af flóttamannabakgrunni verði ekki tryggð með því einu að þau fái aðgang að skóla, námi og formlegum stuðningi. Virk þátttaka er félagslegs eðlis og verður til í daglegum samskiptum og viðurkenningu frá öðrum, tungumálastuðningi, jafningjatengslum, trausti og raunverulegum tækifærum til áhrifa.

Áherslan þarf að færast frá því að skoða hvernig börn aðlagast skólanum yfir í hvernig skólinn og samfélagið geta þróast í átt að auknu réttlæti, jafnræði og raunverulegri þátttöku allra nemenda. Megináherslan þarf því að færast frá því að skilgreina börn og ungmenni út frá skorti og aðlögunarþörf yfir í að byggja á styrkleikum þeirra og auðlindum og skapa skólaumhverfi sem tekur mið af fjölbreyttum nemendahópi. Ábyrgðin á virkri þátttöku getur ekki hvílt fyrst og fremst á börnum, ungmennum og fjölskyldum þeirra.

Þótt formlegum stuðningi ljúki getur þörf fyrir áframhaldandi stuðning, leiðsögn og samstarf verið til staðar, sérstaklega við skil milli skólastiga og þegar ungt fólk mótar framtíðaráform sín.

Frekari upplýsingar um verkefnið og niðurstöður:

Sjá vef ESRCI verkefnisins https://esrci.hi.is/